



ORKUSTOFNUN

Vatnamælingar



**Samantekt rennslismælinga á
vatnasviðum Svartár í
Bárðardal og Skjálfandaflijóts**

**Jón Sigurður Þórarinsson
Páll Jónsson**

Unnið fyrir Auðlindadeild Orkustofnunar

2001

OS-2001/020



Jón Sigurður Þórarinsson
Páll Jónsson

Samantekt rennslismælinga á vatnasviðum Svartár í Bárðardal og Skjálfafljóts

Unnið fyrir Auðlindadeild Orkustofnunar

OS-2001/020

Desember 2001

ORKUSTOFNUN: Kennitala 500269-5379 - Sími 569 6000 - Fax 568 8896
Netfang Vatnamælinga vm@os.is - Heimasíða <http://www.os.is/vatnam>



Skýrsla nr: OS-2001/020	Dags: Desember 2001	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Samantekt rennslismælinga á vatnasviðum Svartár í Bárðardal og Skjálfandafljóts	Upplag: 25	
	Fjöldi síðna: 14	
Höfundar: Jón Sigurður Þórarinsson Páll Jónsson	Verkefnisstjóri: Páll Jónsson	
Gerð skýrslu / Verkstig: Rennslisgögn, samantekt	Verknúmer: 7-640670	
Unnið fyrir: Auðlindadeild Orkustofnunar		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Skýrslan fjallar um samantekt rennslismælinga á vatnasviðum Svartár í Bárðardal og Skjálfandafljóts. Teknar voru saman allar rennslismælingar í nálægum vatnsföllum við vatnshæðarmæli 116 í Svartá og vhm 50 og 238 í Skjálfandafljóti. Rennslismælingar voru endurreiknaðar í GALVOS og hnit rennslismælistaða fundin.		
Lykilorð: Vatnamælingar, rennslismælingar, hnit rennslismælistaða, staðarnúmer, Svartá, Skjálfandafljót, Bárðardalur	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra:	
	Yfirfarið af: JFJ, SAR	

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
1.1. Vhm 50: Skjálfandafljót; Goðafoss.....	3
1.2. Vhm116: Svartá í Bárðardal.....	3
1.3. Vhm 238: Skjálfandafljót; Aldeyjarfoss.....	4
2. STAKAR RENNSLISMÆLINGAR.....	4
2.1. Útreikningur mælinga í GALVOS	4
2.2. Staðsetning rennslismælinga	5
2.3. Niðurstaða	6
VIÐAUKI: Rennslismælistaðakort og töflur 1 og 2	7

1. INNGANGUR

Þessi skýrsla fjallar um samantekt á stökum rennslismælingum í vatnsföllum á vatnasviði Skjálfandafljóts og Svartár í Bárðardal á árabílinu 1950-2000.

Vatnamælingar Orkustofnunar hafa rekið þrjá vatnshæðarmæla (vhm) á umræddu svæði; vhm 50, 116 og 238. Vhm 50 er í Skjálfandafljóti við Goðafoss, vhm 116 í Svartá í Bárðardal og vhm 238 í Skjálfandafljóti við Aldeyjarfoss.

Skjálfandafljót er blanda lindár, dragár og jökulár. Helstu flóð hennar eru snjóleysingaflóð á vorin, en einnig geta komið í ána flóð í miklum rigningum. Þurrðir í ánni eru nokkuð algengar á vetrum, þegar snjó skefur í ána á hálendinu ofan Aldeyjarfoss. Í kjölfar þurrðanna koma gjarnan þrepahlaup í ána.

Svartá í Bárðardal er nær eingöngu lindá, sem rennur í Skjálfandafljót neðan Rauðafells. Svartá á upptök sín í Svartárvatni, en u.þ.b. 8 km neðan vatnsins kemur Suðurá í hana, en hún kemur fram undan Trölladyngjuhrauni. Rennsli Svartár er mjög jafnt og eru flóð hennar ekki mjög mikil þó að rennsli aukist nokkuð í vorleysingum.

1.1. Vhm 50: Skjálfandafljót við Goðafoss

Núverandi síriti var reistur 23. ágúst 1969 og er það loftbólumælir á vinstri bakka árinna við gömlu brúna yfir Skjálfandafljót við Fosshól. Þessi loftbólumælir er einn af elstu loftbólumælum í rekstri hjá Vatnamælingum og var rekstur hans nokkuð erfiður fyrstu tíu árin. Var þar um ýmsar bilanir að ræða, svo sem gasleysi, klukkustopp, bilaðan penna eða stíðan gang mótors.

Mælirinn er í fremur djúpum hyl og er oft mikið sog í hylnum sem veldur því að stundum getur verið erfitt að skilgreina vatnshæðina nógu vel, einkum þegar rennslið er mikið. Í vorflóðunum 1995, sem eru mestu flóð við mælinn frá því mælingar hófust, losnaði mælisrörið. Þetta uppgötvaðist í júlí sama sumar, þegar rennslismælt var og mælingin féll mjög langt frá rennslislykli. Var rörið fest aftur þann 19. nóvember 1995. Ístruflanir eru nokkuð miklar við mælinn. Skjálfandafljót rennur í tveimur kvíslum við Fosshól og er vatnshæðarmælirinn í annari kvíslinni sem ber nafn Skjálfandafljóts, en hin kvíslin er Hróteyjarkvísl. Rennslið er hins vegar mælt á kláfi við Hriflu, neðan staðarins þar sem kvíslarnar koma aftur saman og er rennslislykillinn því gerður fyrir rennslið í báðum kvíslum. Á veturna gerist það alloft að Hróteyjarkvíslin stíflast og rennur þá allt vatnið framhjá mælinum. Þetta getur oft verið mjög erfitt að sjá á línuritinu og má því gera ráð fyrir að stundum sé rennsli Skjálfandafljóts ofmetið þegar Hróteyjarkvísl er stífluð.

1.2. Vhm116: Svartá í Bárðardal

Síritandi vatnshæðarmælir var settur upp í Svartá í Bárðardal við Ullarfossbrú, þann 14. ágúst 1965. Var það hefðbundinn brunnmælir og var skráningartækið frá A-Ott með mánaðarblöðum. Rekstur þessa mælis var mjög erfiður. Rörið var oft stífluð af sandi og

var samband brunns við ána þá tregt. Ístruflanir voru mjög miklar við mælinn og einnig fraus iðulega í brunninum, auk þess sem komu tímabil þar sem vandræði voru með skrif pennans.

Að lokum var ákveðið að færa mælinn og var það gert 7. júlí 1985. Var hann færður u.þ.b. 100 metrum ofar með ánni og staðsettur neðst í grunnum hyl og rennur áin út úr hylnum yfir stórgrýti, þannig að ráðandi þversnið lítur vel út. Þó er greinilegt að rennslislykilinn fyrir mælinn er ekki alveg stöðugur, líklega vegna mikils sandflutnings í ánni og virðist sem sandurinn setjist fyrir í hylnum og breyti þannig sambandi vatnshæðar og rennslis. Í fyrstu var rennslismælt við nýja mælinn, eða skammt ofan hans, ýmist vaðandi eða á báti, en síðar fannst góður mælistaður u.þ.b. 1 km ofan vatnshæðarmælisins og frá 1990 hefur nær eingöngu verið rennslismælt þar. Áin er nokkuð breið og þeim stað og hefur alltaf reynst mögulegt að vaðmæla ána þar eftir 1990.

1.3. Vhm 238: Skjálfandafljót; Aldeyjarfoss

Vatnshæðarmælir 238 er í Skjálfandafljóti, u.þ.b. 1 km neðan Aldeyjarfoss. Mælirinn var settur upp 18. júlí 1987 og er loftbólumælir af gerðinni A-Ott. Hann er staðsettur á vinstri bakka fljótsins og fer loftslanga út í hyl í ánni. Lindavatn streymir út í hylinn úr sprungum á hægri bakka árinna og heldur það hylnum yfirleitt íslausum. Þetta hefur í för með sér að mælirinn truflast nánast aldrei af ís.

Fram til 30. mars 1989 var allmikið um það að sandur legðist yfir rörendann og truflaði vatnshæðarmælinguna, en þann dag var rörið lengt, þannig að það nær nú lengra út í hylinn, og hefur það þau áhrif að síðan hefur mælirinn nánast ekkert truflast af sandi.

Þann 28. september 1998 var settur rafrænn þrýstiskynjari af gerðinni Druck á loftbólukerfið og hann tengdur við Campbell skráningartæki. Þannig fæst tvöföld skráning á vatnshæðinni. 3. október sama ár var sett upp vindrafstöð við mælinn og hann tengdur við farsíma þannig að nú fást gögn úr mælinum daglega, og oftast ef vill, um símatengda kerfið. Þetta er hluti vöktunarkerfis, sem sett hefur verið upp í nokkrum vatnsföllum sem renna frá Vatnajökli. Einnig var settur upp lofthitamælir og loftrakamælir og þeir tengdir við Campbell skráningartækið.

2. STAKAR RENNSLISMÆLINGAR

2.1. Útreikningur mælinga í GALVOS

Með stökum rennslismælingum er annars vegar átt við mælingar í nálægum vatnsföllum, þ.e. vatnsföllum sem ekki er vatnshæðarmælir í, og hins vegar þær mælingar í vatnsföllum sem vatnshæðarmælir er í, sem ekki eru gerðar á rennslismælistað vatnshæðarmælisins. Það þýðir að mælingar á rennslismælistað vatnshæðarmælis, hvort sem þær eru lykilmælingar eða ekki, eru ekki hafðar með í þessari skýrslu.

Alls voru teknar saman 101 rennslismæling sem gerðar voru á 38 mismunandi rennslismælistöðum á árunum 1950 til 2000. Hægt er að sjá staðsetningu rennslismælistaðanna í töflu 2. Um er að ræða endurreiknun hlutamælinga í GALVOS. Einnig voru hnit mælistaða fundin og færð inn í GALVOS-gagnagrunninn.

Vatnamælingamenn komu flestir frá Orkustofnun en aðrir frá Landsvirkjun. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu mælinganna eftir mæliaðferð.

Fjöldi	Mæliaðferð
57	Venjulegar mælingar
34	0,6-mælingar
10	Rekmælingar
101	Mælingar samtals

Fimmtíu og sjö mælingar teljast venjulegar mælingar. Þær eru oftast vaðmælingar, þar sem straumhraðinn er mældur í nokkrum punktum í hverju dýptarsniði. Rennsli í hverju dýptarsniði er svo fundið og notað til að finna heildarrennsli vatnsfallsins. Mælingin verður nákvæmari eftir því sem fleiri dýptarpunktar og breiddarsnið eru notuð. Fjöldi dýptarpunkta í breiddarsniði var yfirleitt á bilinu 2-5 með örfáum undantekningum þar sem fjöldinn fór alveg upp í 7 punkta.

Þrjátíu og fjórar mælingar teljast 0,6-mælingar en í þeim er gert ráð fyrir að meðalhraði í dýptarsniði sé að finna á 60% dýpi undir yfirborðinu. Hraðinn á þessu dýpi er svo notaður til að reikna út heildarrennslið. Vafi leikur á nákvæmni 0,6-mælinga og hvort þær séu almennt hentug aðferð til mælinga en þær gefa þó á tíðum ágætar niðurstöður.

Tíu mælingar teljast rekmælingar. Í rekmælingum er einungis mælt dýpi og yfirborðsstraumhraði vatnsfallsins á nokkrum stöðum í þversniðinu og út frá því er heildarrennslið áætlað.

Allar upplýsingar um mælingarnar má finna í töflum 1 og 2 í viðauka, þar á meðal rennsli eins og það var reiknað upphaflega sem og rennsli endurreiknað í GALVOS. Í töflunum er mælingunum raðað eftir staðarnúmerum.

2.2. Staðsetning rennslismælinga

Reynt var eftir fremsta megni að staðsetja allar rennslismælingar og tókst það í flestum tilfellum, sjá kort í viðauka. Fundnir voru mælistaðir af landakorti, í hlutföllum 1:50.000, og utm-hnit þeirra reiknuð út frá því. Notað var forritið Cotrans til að breyta utm-hnitum í gráður (Hjörsey), Lambert (Hjörsey) og Lambert (Ísnet). Hnit mælistaða er að finna í töflu b. Rennslismælingastöðunum var ennfremur gefin staðarnúmer sem slegin voru inn í GALVOS.

Oft var notað sama staðarnúmer fyrir mælingar þótt þær væru ekki gerðar á nákvæmlega sama stað. Viðmiðið var að staðsetning væri svipuð og að ekkert vatn bættist í vatnsfallið milli staðanna.

2.3. Niðurstaða


Í flestum mælingunum er endurreiknað rennsli í GALVOS ögn meira en handreiknað rennsli. Skekkjan er yfirleitt á bilinu 1-6% með örfáum undantekningum þar sem hún er allt að 11%. Í þeim tilfellum sem skekkjan er áberandi mikil hefur verið reynt að finna ástæður fyrir henni og eru þær tilgreindar í reitnum *athugasemdir* í töflu 1 í viðauka. Reynt var eftir fremsta megni að staðsetja mælistaði út frá korti með hjálp Bjarna Kristinssonar (BK), Páls Jónssonar (PJ) og Árna Snorrasonar (ASn). Nokkurrar ónákvæmni gætti þó við ákvörðun einstakra staða vegna slæmrar lýsingar á staðarháttum.

VIÐAUKI: Rennslismælistaðakort og töflur 1 og 2

Kort: *Rennslismælistaðir á vatnasviði Skjálfandafljóts og Svartár í Bárðardal*

Tafla 1: *Stakar rennslismælingar á vatnasviði Skjálfandafljóts og Svartár í Bárðardal, flokkaðar eftir staðarnúmerum*

Tafla 2: *Staðarnúmer, nafn og staðsetning rennslismælistaða á vatnasviði Skjálfandafljóts og Svartár í Bárðardal*



Tafla 1: Hlutarennslismælingar og rennslismælingar í nálægum vatnsföllum á vatnasviði Skjálfandafljots, flokkaðar eftir staðarnúmeri og kennitöl

nr.	Kennitala	Mælistaður	N vhm nr.	Staðar nr.	Aðf.	Tilh.	Töl	W (cm)	Q1 (m ³ /s)	Q2 (m ³ /s)	mr	ár	rr	Athugasemdir
1	650817-0650	Svartá, við Ullarfoss	116	116	V	V	S		18.10	18.12	mr			
2	530810-0000	Suðurá n.v. Mótungu	116	362	V	V	S		14.50	14.30	mr			
3	870724-1157	Kiðagilsá, 100m ofan gilkafts	238	2083	V	V	S		2.480	2.463	mr			
4	690909-1145	Jökulfall, Skjálfandafljót	50	2084	R	V	S		0.590	0.590		ár		Engin töflusiða eða gröf
5	710405-1630	Jökulfall, Skjálfandafljót	50	2084	R	V	S		5.607	5.607		ár		Engin töflusiða eða gröf
6	870724-2109	Jökulfall, Skjálfandafljót	50	2084	V	V	S		3.840	4.208	mr			
7	000812-1715	Sandmúladsá,við bilavað	116	2085	V	V	H			0.411	mr			
8	870726-1017	Sandmúladsá,við bilavað	116	2085	V	V	S		1.1	1.100	mr			
9	910828-1650	Sandmúladsá,við bilavað	238	2085	V	V	H		0.6	0.595	mr			
10	870726-1645	Öxnadalsá, 300 m neðan ósa Stapaár	238	2086	V	V	S		4.100	4.085	mr			
11	910828-1721	Öxnadalsá, 300 m neðan ósa Stapaár	238	2086	V	V	H		3.310	3.380	mr			
12	880413-1955	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	V	V	S		7.075	7.346	mr			
13	890303-1109	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	V	V	S		10.88	10.38	mr			
14	920405-1114	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	V	V	H		12.25	12.26	mr			
15	930226-1401	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	V	V	S		11.37	12.66	mr			Skekkja er +11,6%
16	930228-1115	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	ís	V	S		9.930	9.860	mr			
17	940218-1200	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	V	V	S		9.820	10.75	mr			
18	970313-1530	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	ís	V	S	99.9	11.99	10.84	mr			
19	880209-1600	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	ís	V	S		9.800	8.789	mr			
20	890407-1230	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	ís	V	S		9.260	9.619	mr			
21	900301-1330	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	ís	V	S		9.770	9.820	mr			
22	900330-1319	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	ís	V	S		9.620	10.28	mr			
23	920307-1200	Skjálfandafljót, neðan Syðra Fljótsgils	238	2089	V	V	S		15.26	14.98	mr			
24	500613-1900	Djúpá, Ljósavatnsskarði	50	2090	V	V	S		9.100	9.125	mr			
25	500811-0555	Djúpá, Ljósavatnsskarði	50	2090	V	V	S			2.681	mr			
26	510211-0000	Djúpá, Ljósavatnsskarði	50	2090	V	V	S		0.500	0.535	mr			
27	690810-2220	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	R	V	S		6.030	6.030		ár		Engin töflusiða eða gröf
28	710716-1736	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	6	V	S		8.000	8.026	mr			
29	720711-2045	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	6	V	S		11.30	11.30	mr			
30	750417-1200	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	6	V	S		4.000	4.263	mr			
31	750901-1330	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	6	V	S		4.500	4.481	mr			
32	760722-1535	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	6	V	S		6.100	5.873	mr			Mæling fannst ekki i bókum
33	840429-1400	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	6	V	S		26.90	28.37	mr			

Tafla 1: Hlutarennslismælingar og rennslismælingar í nálægum vatnsföllum á vatnasviði Skjálfandafljóts, flokkaðar eftir staðarnúmeri og kennitölu (framhald)

nr.	Kennitala	Mælistaður	N vhm nr.	Staðar nr.	Aðf.	Tilh.	Töl	W (cm)	Q1 (m ³ /s)	Q2 (m ³ /s)	mr	ár	rr	Athugasemdir
34	840902-0830	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	6	V	S		5.000	5.001	mr			
35	860703-2315	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	V	V	H		10.80	10.82	mr			
36	870721-0921	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	V	V	H		6.580	6.357	mr			
37	870723-1638	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	V	V	H		3.790	3.817	mr			
38	870903-1231	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	V	V	H	198.3	5.180	4.924	mr			
39	871204-0000	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	V	V	H			5.340	mr			
40	930425-0000	Mjóadalsá, við Mýri	50	2091	6	V	H			3.630	mr			
41	710717-1045	Eyjadalsá 30m ofan brúar	50	2092	6	V	S		1.800	1.869	mr			
42	720708-2000	Eyjadalsá 30m ofan brúar	50	2092	6	V	S		3.400	3.487	mr			
43	840429-1740	Eyjadalsá 30m ofan brúar	50	2092	6	V	S		5.050	5.049	mr			
44	710717-1337	Kálfborgará neðan brúar	50	2093	6	V	S		0.730	0.732	mr			
45	720708-0000	Kálfborgará neðan brúar	50	2093	6	V	H			2.36	mr			
46	840717-1435	Kálfborgará, neðan brúar	50	2093	6	V	S		0.500	0.500	mr			Mælinguna vantar
47	710723-1420	Vestari kvísl Jökulfalls, 25 m sunnan vegar	50	2094	V	V	S		1.290	1.431	mr			Erfitt að finna mælistað, áætlaður
48	710811-1930	Vestari kvísl jökulfalls, 25 sunnan vegar	50	2094	V	V	S		1.700	1.638	mr			Hraðar voru reiknaðir vitlaust í bók
49	710909-1300	Vestari kvísl jökulfalls, 25 sunnan vegar	50	2094	V	V	S		2.080	2.750	mr			Óeðlileg skekkja, ekkert fannst athugasvert
50	710811-1245	Hraunkvísl, 4 m neðan vegar	50	2095	6	V	S		0.330	0.292	mr			
51	710811-1800	Hraunkvísl, 4 m neðan vegar	50	2095	6	V	S		0.740	0.880	mr			
52	710909-1455	Hraunkvísl, 4 m neðan vegar	50	2095	6	V	S		0.210	0.368	mr			Skekkja óeðlileg. Mæling úrskurðuð ónýt
53	710909-2000	Hraunkvísl, 4 m neðan vegar	50	2095	6	V	S		1.110	1.117	mr			Tvær kvíslar, 0,6543 + 0, 4574 = 1,117
54	820811-1430	Hraunkvísl, 4 m neðan vegar	50	2095	R	V	S		0.850	0.850		ár		Engin töflusiða eða gröf.
55	710811-1445	Rjúpnabrekkukvísl, 300 m neðan við veg	50	2096	V	V	S		5.050	4.946	mr			
56	710909-1555	Rjúpnabrekkukvísl, 300 m neðan við veg	50	2096	6	V	S		8.840	8.77	mr			
57	820811-1330	Rjúpnabrekkukvísl, 300 m neðan við veg	50	2096	R	V	S		1.936	1.936		ár		Engin töflusiða eða gröf.
58	710811-1705	Langadrag	50	2097	V	V	S		1.850	1.795	mr			
59	710909-1820	Langadrag	50	2097	6	V	S		5.100	3.179	mr			Skekkja óeðlileg, ekkert fannst til skýringar
60	820811-0000	Langadrag	50	2097	R	V				1.300		ár		
61	750416-1630	Skjálfandafljót hjá Mýri; ofan Mjóadalsár	50	2098	6	V	S		29.30	29.44	mr			
62	750901-1045	Skjálfandafljót hjá Mýri; ofan Mjóadalsár	50	2098	6	V	S		53.50	53.87	mr			
63	750417-1015	Fiská	50	2099	R	V	S		0.900	0.900		ár		Engin töflusiða eða gröf.
64	750901-1610	Skjálfandafljót ofan Hrafnafossa	50	2100	6	V	S			15.16	mr			Tveir álar, þessi er áll 1
65	750901-1615	Skjálfandafljót ofan Hrafnafossa	50	2100	6	V	S			32.45	mr			Áll 2
66	780623-0000	Djúpá og lækur	50	2101	R	V	S		6.400	6.400		ár		

Tafla 1: Hlutarennslismælingar og rennslismælingar í nálægum vatnsföllum á vatnasviði Skjálfandaflljóts, flokkaðar eftir staðarnúmeri og kennitölu (framhald)

nr.	Kennitala	Mælistaður	N vhm nr.	Staðar nr.	Aðf.	Tilh.	Töl	W (cm)	Q1 (m ³ /s)	Q2 (m ³ /s)	mr	ár	rr	Athugasemdir
67	780624-0000	Eyjadalsá neðan brúar	50	2102	R	V	S		4.120	4.120		ár		Óvist hvaða mælir var notaður
68	840717-1455	Eyjadalsá, neðan brúar	50	2102	6	V	S		1.300	1.244	mr			
69	820811-1130	Skjálfandaflljót, Gæsavatnaleið	50	2103	V	V	S		5.180	5.387	mr			
70	900409-1145	Skjálfandaflljót, neðan Gjallanda	238	2103	6	V	S	15.7	5.110	5.106	mr			
71	940326-1445	Skjálfandaflljót, neðan Gjallanda	238	2103	V	V	H		5.186	5.262	mr			
72	850324-1518	Skjálfandaflljót, neðan Gjallanda	50	2103	6	V	S		5.560	5.512	mr			
73	860412-1220	Skjálfandaflljót, neðan Gjallanda	50	2103	6	V	S		5.300	5.423	mr			
74	820811-1300	Kvisl austan Skjálfandaflljóts	50	2104	R	V	S		0.600	0.600		ár		Mælistaður óljós, áætlaður
75	840429-1650	Þorvaldsá, 200 m ofan brúar	50	2106	6	V	S		3.800	4.059	mr			
76	000813-1125	Svartá, við Svartáarkot	116	2108	V	V	H			2.974	mr			
77	530809-1600	Svartá, við Svartáarkot	116	2108	V	V	S		3.500	3.399	mr			
78	640229-0000	Svartá, við Svartáarkot	116	2108	V	V	S		3.300	3.129	mr			
79	650817-1600	Svartá, við Svartáarkot	116	2108	V	V	S		3.220	3.172	mr			
80	840902-1825	Svartá, við Svartáarkot	116	2108	6	V	S	153.5	4.400	4.382	mr			
81	910829-1657	Svartá, við Svartáarkot	116	2108	V	V	H		4.320	4.361	mr			
82	530809-1900	Svartá, Bjarnastaðir, 1km ofan Skjálfandaflljóts	116	2109	V	V	S	150.0	22.60	22.97	mr			
83	720708-1710	Svartá, Bjarnastaðir, 1 km ofan Skjálfandaflljóts	116	2109	6	V	S	148.0	20.10	20.73	mr			
84	640229-1500	Kill við Svartá , hjá Svartakoti	116	2113	V	V	S		0.700	0.659	mr			
85	650817-1500	Kill við Svartá , hjá Svartakoti	116	2113	V	V	S		0.680	0.663	mr			
86	000811-1349	Hrauná, Neðri botnar	116	2114	V	V	H			1.605	mr			
87	720708-1815	Grjótá í Bárðardal, ofan brúar	116	2117	6	V	S		0.855	0.864	mr			
88	640229-1100	Suðurá, ofan stíflustæðis (við Svartáarkot)	116	2119	V	V	S		11.40	11.31	mr			
89	650817-1305	Suðurá, ofan stíflustæðis (við Svartáarkot)	116	2119	V	V	S		12.30	11.79	mr			
90	690617-1745	Suðurá, ofan stíflustæðis (við Svartáarkot)	116	2119	6	V	S		12.40	12.57	mr			
91	840902-1625	Suðurá, ofan við stíflustæði (við Svartáarkot)	116	2119	6	V	S	153.5	16.50	16.33	mr			
92	870725-1705	Suðurá, ofan stíflustæðis (við Svartáarkot)	116	2119	V	V	S		11.58	11.23	mr			
93	910829-1302	Suðurá, ofan stíflustæðis (við Svartáarkot)	116	2119	V	V	H		15.30	15.53	mr			
94	910829-1602	Lindarlækur, vestan Svartár	116	2120	V	V	H		0.490	0.487	mr			
95	910829-1834	Lindarlækur, sunnan Svartár	116	2121	V	V	H		0.760	0.773	mr			
96	000812-0950	Öxnadalsá Öxnadalsdrög, bílvað á Neðribotnaslóð	116	2139	V	V	H			1.358	mr			
97	000812-1510	Krossá, við bílvað	116	2140	V	V	H			1.895	mr			
98	910828-1536	Krossá, við bílvað	116	2140	V	V	H		2.3	2.319	mr			
99	000812-1845	Sandá, Suðuráhraun, við bílvað	116	2142	V	V	H			0.334	mr			

Tafla 1: Hlutarennslismælingar og rennslismælingar í nálægum vatnsföllum á vatnasviði Skjálfandafljóts, flokkaðar eftir staðarnúmeri og kennitölu (framhald)

nr.	Kennitala	Mælistaður	N vhm nr.	Staðar nr.	Aðf.	Tilh.	Tól	W (cm)	Q1 (m ³ /s)	Q2 (m ³ /s)	mr	ár	rr	Athugasemdir
100	910828-1810	Sandá, Suðurárhraun, við bílavað	116	2142	V	V	H		0.57	0.579	mr			
101	910830-1210	Hrauná, við ós um 200 m austan Skjálfandafljóts	238	2324	V	V	H		4.09	4.113	mr			

Lykill að töflu:

Kennitala: Dagsetning og tími mælingar

Mælistaður: Nafn og lýsing á mælistað eins og það er skrifað í frumgögnum

N vhm nr.: Númer næsta vatnshæðarmælis

Staðarnr.: Staðsetningar númer mælingar í GALVOS-gagnagrunninum

Aðf.: Aðferð / V-venjuleg, "6"-0,6 mæling, R-rekmæling (yfirborðshraði), Á-ágiskun, ?-óþekkt

Tilh.: Tilhögun / V-vaðið, B-bátur, R-brú, A-af bakka, ?-óþekkt

Tól: / S-stöng, H-hulsa, P-spil, ?-óþekkt

W: Vatnshæð

Q1: Eldri útreikningur á rennsli

Q2: Endurreiknað rennsli í GALVOS, ef 'sama' þá var mæling ekki endurreiknuð

mr: Mælt rennsli

ár: Áætlað rennsli

rr: Rennsli reiknað út frá öðrum rennslismælingum en ekki mælt beint

Tafla 2: Staðlað númer, nafn og staðsetning rennismælistaða á vatnasviði Skjálfandafljóts, skv. GALVOS-gagnagrunninum; raðað eftir staðarnúmeri

Staðar nr.	Vhm nr.	Vatnsfall	Gráður (Hjörsey)				Lambert (Hjörsey)		Lambert (Ísnet93)	
			Gr N	Min N	Gr V	Min V	X	Y	X	Y
V50	50	Skjálfandafljót, Goðafoss	65°	41.16'	17°	32.70'	479081	576573	566894.4	577229.7
V116	116	Svartá, Bárðardal; Ullarfossbrú	65°	23.65'	17°	18.47'	467830	544125	578656.2	544966.8
V238	238	Skjálfandafljót, Aldeyjarfoss	65°	22.21'	17°	21.09'	469832	541434	576697.2	542244.8
V362		Suðurá, Bárðardal; neðan Mótungu	65°	18.03'	17°	7.41'	459114	533795	587533.7	534776.9
V2083		Kiðagilsá, Sprengisandi; um 100 m ofan gilkafts	65°	4.27'	17°	38.22'	482921	507979	564140.3	508590.1
V2084		Jökulfall, Sprengisandi; ofan Skjálfandafljóts	64°	57.65'	17°	47.99'	490546	495651	556711.9	496144.2
V2085		Sandmúladasá, Krökadal, S.-Þing; 100 m ofan vaðs	65°	12.27'	17°	20.35'	469063	522958	577758.3	523785.0
V2086		Öxnadasá, Bárðardal; 300 m norðan ósa Stapaáróss	65°	4.76'	17°	30.03'	476507	508935	570537.7	509647.3
V2089		Skjálfandafljót; neðan Syðra Fljótsgils	65°	0.68'	17°	44.55'	487860	501286	559308.2	501820.5
V2090		Djúpá, Ljósavatnsskarði	65°	43.54'	17°	33.38'	479638	580986	566267.8	581632.9
V2091		Mjóadalsá; við Mýri	65°	22.87'	17°	22.26'	470751	542654	575759.1	543449.9
V2092		Eyjadalsá; 30m ofan brúar	65°	37.35'	17°	31.40'	478038	569496	568049.2	570170.8
V2093		Kálfborgará; neðan brúar	65°	37.15'	17°	30.41'	477270	569132	568822.8	569819.0
V2094		Jökulfall, Sprengisandi; vestari kvísl, 25 m sunnan vegar	64°	52.20'	17°	55.41'	496373	485512	551046.6	485915.3
V2095		Hraunkvísl; 4 m neðan við veg	65°	41.40'	17°	38.60'	483604	576992	562365.8	577577.1
V2096		Rjúpnabrekkukvísl, Gæsavatnaleið; 300 m neðan við veg	64°	46.57'	17°	35.16'	480309	475109	567271.6	475768.7
V2097		Langadrag	64°	50.23'	17°	41.40'	485286	481882	562188.5	482461.5
V2098		Skjálfandafljót; hjá Mýri	65°	22.90'	17°	22.07'	470604	542712	575905.2	543510.3
V2099		Fiská	65°	21.02'	17°	23.71'	471838	539198	574727.0	539977.5
V2100		Skjálfandafljót; ofan Hrafnafossa	65°	19.39'	17°	19.57'	468591	536198	578020.8	537029.6
V2101		Djúpá og lækur	65°	43.28'	17°	32.90'	479265	580503	566648.4	581155.9
V2102		Eyjadalsá; neðan brúar	65°	37.54'	17°	31.42'	478055	569846	568026.6	570520.4
V2103		Skjálfandafljót; neðan Gjallanda	64°	49.78'	17°	37.81'	482444	481066	565042.8	481690.6
V2104		Kvísl austan Skjálfandafljóts	64°	47.13'	17°	33.70'	479157	476165	568406.6	476842.7
V2106		Þorvaldsá; 200 m ofan brúar	65°	26.24'	17°	23.99'	472150	548897	574261.7	549669.4
V2108		Svartá, Bárðardal; við Svartáarkot	65°	20.48'	17°	14.89'	464985	538272	581593.1	539160.1
V2109		Svartá, Bárðardal, Bjarnastaðir; 1 km ofan Skjálfandafljóts	65°	25.84'	17°	21.95'	470563	548172	575859.8	548969.7
V2113		Kill við Svartá; hjá Svartakoti	65°	20.37'	17°	15.01'	465075	538068	581506.4	538954.8
V2114		Svartá, Bárðardal; við Ullarfoss	65°	23.77'	17°	18.34'	467727	544351	578755.6	545194.4
V2117		Grjótá i Bárðardal; ofan brúar	65°	25.31'	17°	17.00'	466720	547214	579717.1	548072.7
V2119		Suðurá; ofan við Stiflugar	65°	19.21'	17°	13.69'	464021	535915	582594.2	536818.9
V2120		Lindarlækur, vestan Svartár	65°	20.80'	17°	16.79'	466464	538853	580105.3	539717.6
V2121		Lindarlækur, sunnan Svartár	65°	20.54'	17°	16.25'	466041	538373	580535.8	539244.4

Tafla 2: Staðlað númer, nafn og staðsetning rennismælistaða á vatnasviði Skjálfandafljóts, skv. GALVOS-gagnagrunninum; raðað eftir staðarnúmeri (framhald)

Staðar nr.	Vhm nr.	Vatnsfall	Gráður (Hjörsey)				Lambert (Hjörsey)		Lambert (Ísnet93)	
			Gr N	Min N	Gr V	Min V	X	Y	X	Y
V2139		Öxnadalsá, Bárðardal; Öxnadalsdrögum	64°	58.72'	17°	31.76'	477780	497697	569442.8	498391.7
V2140		Krossá, Krókadal; við bílavað	65°	11.31'	17°	22.00'	470328	521172	576521.8	521979.4
V2142		Sandá, Suðurhrauni; við bílavað	65°	15.79'	17°	19.18'	468219	529509	578498.4	530347.9
V2324		Hrauná, Bárðardal; við ós	65°	3.43'	17°	38.27'	482947	506426	564138.8	507037.0
V50238		Skjálfandafljót; strengjabraut ofan Mjóadalsár	65°	22.90'	17°	22.14'	470653	542710	575856.2	543507.5